

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**214. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **1. nóvember 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá:

1. Erindi sveitarstjóra Húnaþings vestra.
2. Erindi frá Víglundi Gunnþórssyni.
3. Skipulagsmál.

## Afgreiðslur:

**1.a** Sveitarstjóri f.h. byggðaráðs Húnaþings vestra óskar eftir umfjöllun ráðsins á umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar efnisnámu í landi Bjarghúsa í Vesturhópi. Ráðið telur að fyrirhuguð framkvæmd falli ekki undir mat á umhverfisáhrifum vegna umfangs efnistöknunar og mælir með að leitað verði eftir meðmælum Skipulagsstofnunar sbr. gr. 9 í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að fenginni umsögn Fornleifaverndar ríkisins og Náttúruverndarstofnunar.

**1.b** Sveitarstjóri f.h. byggðaráðs Húnaþings vestra óskar eftir umfjöllun ráðsins vegna bréfs Skipulagsstofnunar þar sem fjallað er um ráðningu skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélögum. Ráðið mælir með að ráðinn verði skipulagsfulltrúi til sveitarfélagsins í samræmi við 1. mgr. 7. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eða skipulags og byggingarfulltrúi skv. 2. mgr. 7.gr. sömu laga.

**2.a** Víglundur Gunnþórsson kt. 170157-5599 sækir um leyfi til að byggja við ferðaþjónustuhús sitt að Dæli í Víðidal sbr. meðfylgjandi teikningar frá Málfríði Kristjánsdóttur arkitekt kt. 040646-3299 teikn. Nr. A1 og A2. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

**2.b** Víglundur Gunnþórsson kt. 170157-5599 óskar eftir afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á endurskoðuðu deiliskipulagi í landi Dælis í Víðidal. Afgreiðslu frestað.

**3.** Athugasemdir við aðalskipulagstillögu og deiliskipulagstillögu vegna lóðar í landi Melstaðar í Miðfirði frá eigendum Barðs í Miðfirði. Farið yfir athugasemdirnar og umsagnir um þær ræddar, afgreiðslu frestað til næsta fundar.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Næsti fundur skipulags- og umhverfisráðs verður haldinn þriðjudaginn 6. nóvember 2012 kl. 17:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Guðjón Loftson (sign.),  
Halldór Sigfúson (sign.),  
Anna María Elíasdóttir (sign.),  
Unnsteinn Andrésson (sign.),  
Erla B. Kristindóttir (sign.),  
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.),  
Ólafur H.Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar (sign.),  
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),